



1. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2021, MIÐVIKUDAGINN 25. ÁGÚST (11² dagar til jóla) KL. 11:15

1. Bréf til skólaráðs

A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 97% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

B. Önnur bréf:

Níu nemendur sækja um mat á íþróttum – vísað til kennslustjóra í íþróttum.

C. Umsóknir um undanþágu :

Nemandi sækir um undanþágu frá þriðja tungumáli – vísað til kennslustjóra erlendra tungumála.

D. Umsóknir um stöðupróf:

Þrjú nemendur sækja um stöðupróf, tveir í dönsku og einn í frönsku – vísað til kennslustjóra erlendra tungumála.

E. Önnur bréf

Nemandi óskar eftir endurmati á áfanga sem hann féll í á síðustu önn – vísað til viðeigandi kennslustjóra til umsagnar.

F. Hækkun á gjaldskrá:

Rætt var að hækka tvo liði á gjaldskrá skólans, annars vegar stöðupróf og hins vegar að próftaka í skólanum fyrir nemendur utan skóla. Hækkunin verður kynnt skólanefnd.

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Metnaðarfull dagskrá var kynnt hjá nemendafélaginu og vonandi mun faraldurinn ekki setja strik í reikninginn:

- Grill í dag, nemendafélagið hefur fest kaup á tveimur grillum og vögnum undir þau
- Ball í september
- Busavika 30.08 – 3.09
- FG-Flensburg í enda september
- Salsa í nóvember
- Andvökunótt í janúar
- Keilukvöld í janúar
- Söngkvöld í febrúar
- Árshátíð í mars
- Skíðaferð í mars
- Lokaball í maí
- Sundlaugarpartý – til að brydda upp á nýjung
- Fótboltamót – umræða farin af stað við aðra skóla að halda sameiginlegt fótboltamót

Mikil eftirvænting er varðandi nýnemaferð – hún verður vonandi farin en ekki alveg strax, vonandi innan tveggja vikna. Dagsferð gæti komið í staðinn ef ekki er hægt að gista. Rætt hvort mögulegt er að láta nemendur skila neikvæðri niðurstöðu úr skimun.

- Nemendur minntir á að kynna samfélagsmiðlana sem þeir nota fyrir nýnemum.
- Vonandi verður hægt að bjóða upp á hafragraut í næstu viku. Nemendafélagið vill bjóða upp á lúxusgraut tvær vikur á önninni.

3. Önnur mál

Önnur mál voru engin.

Fundinn sátu:

Ásdís Björnsdóttir, kennari

Dagný Hulda Broddadóttir, náms-og starfsráðgjafi

Guðmundur Stefán Gíslason, verkefnastjóri

Helgi Már Herbertsson, fulltrú NFFG

Kristinn Þorsteinsson, skólameistari

Kristín Helga Ólafsdóttir, áfangastjóri og fundarritari

Kristófer Breki Halldórsson

Sigrún Fjóla Hilmarsdóttir, kennari

Tinna Ösp Arnardóttir, félagsmálafulltrúi